



## Fundargerð 26. stjórnar AKÍS 2024-2025

**Staður og tími:** Zoom 18. febrúar 2025 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Baldvin Hansson (BH), Páll Jónsson (PJ)

**Mættir varamenn:** Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

**Fjarverandi:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Valdemar Johnsen (VJ)

TMÞ ritaði fundargerð.

### 1. Styrktarveitingar

Kvartmíluklúbburinn hefur greitt kaupverð á fjórum junior dragster grindarbílum að fullu, samtals tæpar ellefu milljónir króna. Eftir er að flytja grindurnar til landsins en það gerist á næstu vikum.

Formaður lagði til að staðið yrði við úthlutun styrks þar sem ljóst þótti að verkefnið gæti tafist eitthvað vegna breyttra forsenda (kaupa fremur en að smíða), samanber bókun fundargerðar þann 19. nóvember 2024.

Samþykkt.

### 2. Niðurfelling á keppni

AÍH hefur óskað eftir að fella út keppni í rallycrossi á keppnisdagatali 2025. Stjórn felur starfsmanni að athuga hjá AÍH hvort önnur dagsetning kæmi til greina. Sé það ekki mögulegt, er erindið samþykkt.

### 3. Keppnisráð í Drift

Á fundi formanns og starfsmanns AKÍS með keppnisráði í Drift á dögnum, þar sem farið var yfir málin. AKÍS mun leitast við að skipa þriðja mann í keppnisráðið sem stutt getur við starfsemi þess.

### 4. Farið yfir reikninga sambandsins fyrir 2024 ásamt fjárhagsáætlun 2025

Óskoðaðir rekstrar- og efnahagsreikningar skoðaðir og rætt stuttlega um. Þá var farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2025, en eftir er að stilla endanlega af tekjur og gjöld. Á næsta stjórnarfundum verður endanleg útgáfa fjárhagsáætlunar lögð fram ásamt tillögum henni viðkomandi.



## 5. Ársþing 2025

Umhverfisstefna: JÞJ lagði til breytingu á henni frá 2025 til 2030, sem samþykkti var.

Framtíðarstefna: JÞJ lagði til breytingar á henni frá 2025 til 2031, sem samþykkti var.

## 6. Innsend erindi

Stjórn Kvartmíluklúbbsins hefur ákveðið að afturkalla skipun Valgeirs Hugbergs Geirmundssonar í keppnisráð í hringakstri, en skipar í hans stað Braga Þór Pálsson.

## 7. Önnur mál

- Samþykkt að athuga hvað þarf að gera til að hægt sé að skrá AKÍS í almannaheillaskrá og um leið athuga hvaða ávinningur er í því.

### Til kynningar:

- Aðalfundur AÍH verður haldinn 23. febrúar kl 16:00 í Félagsheimili AÍH

Næsti fundur verður 4.3.2025 kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:58